



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

Almenn eðlisfræði - grunnur EÐLI2GR05

Kennari:	Thelma M. Marinósdóttir – thelma@fsu.is (TMM)
----------	--

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga eðlisfræði er byrjað á því að láta nemendur vinna með hugtök og þekkingu úr grunnatriðum hreyfi- og aflfræði. Samtímis því eru nemendur þjálfaðir í þeim vinnubrögðum sem notuð eru við nám í þessari grein. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og saman í hópum og lögd er áhersla á sjálfstæði og ábyrgð nemandans á eigin námsframvindu. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: mælingar og óvissumat, líkön, fræði og lögmál, hreyfing í einni vídd, vigrar og grafísk lýsing á hreyfingu, hreyfilögmál Newtons, þyngdarkraftur og núningskraftur, tengsl vinnu og orku, nokkrar orkumyndir og varðveislulögmál tengd þeim.

Undanfari: STÆR2AF05 eða STÆR2VF05

Þekkingarmiðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvað felst í vísindalegri aðferð
- SI-kerfinu og SI-einingum stærða sem unnið er með
- helstu hugtökum sem notuð eru í hreyfifræði og aflfræði
- helstu lögmálum ofanefndra greina, svo sem hreyfilögmálum Newtons og varðveislulögmálum vélrænnar orku og heildarorku og endurvarpslögmálinu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fara með tölur og vigra í eðlisfræði og í vísindalegum vinnubrögðum
 - beita lögmálum og jöfnum úr námsefninu við að leysa verkefni af ýmsu tagi
 - leiða út með rökrænum hætti jöfnu fyrir sambandi stærða frá gefnum forsendum
 - framkvæma verklegar æfingar og vinna úr mæliniðurstöðum þeirra
 - setja fram eðlisfræðilegt umfjöllunarefni á skýran og markvissan hátt í ræðu og riti
- Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- nota námsefni og gögn á markvissan hátt
- yfirfæra þekkingu úr öðrum greinum til að auðvelda námið
- meta hvort niðurstöður útreikninga og mælinga séu raunhæfar
- tengja eðlisfræðina við daglegt líf og umhverfi og gera sér grein fyrir notagildi hennar

Sérreglur áfangans

Ef nemandi þarf að fara úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Nemendur 20 ára og eldri (fæddir 2005 eða fyrr) skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Námsefni:

Dæmi úr Eðlisfræði fyrir byrjendur. Höfundur: Vilhelm Sigfús Sigmundsson. 3. útgáfa, ásamt efni frá kennara

Námsmat:

Annareinkunn: Þar af

Heimadæmi/Hefti og Verklegir tímar/skýrslur	50%
Lotupróf	50%

Áætlun um yfirferð

Yfirferð	Annað
Hreyfifræði	Lotupróf 1
Lögmál Newtons	Lotupróf 2
Vinna, orka, afl	Lotupróf 3
Skriðþungi og árekstur (ef tími leyfir)	Lotupróf 4

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

7. janúar, 2025 – F.Su. Thelma María Marinósdóttir (TMM)